



Akureyri, 5. júlí 2019

## Takið dagana frá!

Jafnréttisstofa í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og Garðabæ boðar til landsfundar um jafnréttismál sveitarfélaga dagana 4.-5. september 2019.

Skyldur sveitarfélaga þegar kemur að jafnréttismálum eru miklar og snerta sveitarfélögin sem stjórnvald, vinnuveitendur og veitendur þjónustu. Landsfundurinn er því kjörinn vettvangur fyrir m.a. sveitarstjórnarfólk, fulltrúa í nefndum sem fara með jafnréttismál og starfsfólk sem hefur með málaflokkinn að gera til að hittast, fræðast og deila reynslu.

Í ár er gert ráð fyrir að hefja fund miðvikudaginn 4. september kl. 13 og ljúka honum kl. 15 fimmtudaginn 5. september. Fyrri dagurinn verður í formi vinnustofa en sá síðari í hefðbundnara málþingsformi.

Nánari dagskrá verður kynnt í ágústmánuði. Meðal umfjöllunarefna verða jafnréttisáætlanir, jöfn meðferð, jafnlaunavottun, kynferðisleg og kynbundin áreitni, kynjasambætting og staðalmyndir.

Ötult starf í átt að jafnrétti er vinna í átt að réttlátari skiptingu á þeim gæðum sem sveitarstjórnir úthluta til íbúa sinna. Markviss vinna við gerð og innleiðingu raunhæfra jafnréttisáætlana getur því verið grunnurinn að góðu samfélagi.

Takið dagana frá!

---

Katrín Björg Ríkarðsdóttir

framkvæmdastjóri